

# STJÓRNARTÍÐINDI B 43 – 1998

19. maí 1998

909

Nr. 284

## REGLUR

### um útreikning og færslu vaxta o.fl. við Seðlabanka Íslands í viðskiptum við bindiskyldar lánastofnanir.

Eftirfarandi reglur gilda um viðskipti Seðlabanka Íslands og þeirra lánastofnana sem eiga innstæðu á sérstökum bindireikningi í Seðlabankanum skv. reglum þar um:

#### 1. Viðskiptareikningar og bindireikningar.

##### 1.1 Innstæður á viðskiptareikningum.

Af innstæðu á viðskiptareikningi reiknast dagvextir skv. vaxtatilkynningu Seðlabankans sem færast í árslok. Vaxtadagur inn- og útborgana er afgreiðsludagurinn, nema sérstaklega sé um annað samið.

##### 1.2. Innstæður á bindireikningum.

Af innstæðum á bindireikningum reiknast dagvextir. Af meðalinnstæðu á bindireikningi í hverjum mánuði sem svarar til bindiskyldrar fjárhæðar greiðast vextir bundinna innstæðna skv. vaxtatilkynningu Seðlabankans sem færast mánaðarlega en af innstæðu umfram þá fjárhæð greiðast vextir viðskiptareikninga sbr. lið 1.1 að ofan sem færast í árslok.

##### 1.3 Yfirdráttur.

Yfirdráttur á viðskiptareikningi er óheimill. Hafi engu að síður orðið óheimill yfirdráttur, t.d. vegna skjalaskipta, skal hlutaðeigandi lánastofnun án tafar gera ráðstafanir til að eyða honum. Það getur hún gert með því að fá daglán hjá Seðlabanka Íslands, sbr. 4. tölulið, og fá lánið „validerað“ (vaxtafært) með gildistöku þann dag sem yfirdráttur telst hafa myndast og skal sá dagur teljast fyrsti vaxtadagur lánsins. Við slíka „valideringu“ greiðist 0,01% gjald fyrir hvern dag sem „validerað“ er. Ef yfirdráttur myndast á frídegi skal lánstíminn við það miðaður að lánið endurgreiðist næsta virka dag. Hlutaðeigandi lánastofnun skal óska eftir fyrirgreiðslunni eigi síðar en kl. 10.30 á fyrsta bankaafgreiðsludegi eftir að yfirdráttur myndaðist. Til tryggingar dagláninu skal stofnunin setja að veði samskonar verðbréf og hæf eru til endurhverfra viðskipta skv. lið 3. Bréfin skulu varðveitt í Seðlabanka Íslands.

#### 2. Innstæðubréf.

Seðlabanki Íslands selur 14 daga og 90 daga innstæðubréf eftir ákvörðun bankastjórnar hverju sinni. Innstæðubréf með 14 daga binditíma verða seld á uppboðum sem verða tilkynnt sérstaklega. Reglur og uppboðsskilmálar verða kynntir lánastofnunum í síðasta lagi tveimur dögum fyrir uppboð.

Innstæðubréf með 90 daga binditíma verða seld hverju sinni að ósk kaupanda, en Seðlabanki Íslands getur þó fyrirvaralaust hætt sölu þeirra. Af innstæðubréfum þessum reiknast fastir, eftirágreiddir vextir. Beiðni um kaup þeirra skal berast peningamálasviði bankans og verður hún afgreidd samdægurs ef hún berst fyrir kl. 15.00.

### 3. Endurhverf verðbréfavíðskipti.

Seðlabanki Íslands efnir að jafnaði vikulega, á þriðjudögum, til uppboða á endurhverfum verðbréfasamningum. Samningstími endurhverfa víðskipta er 14 dagar. Beri þriðjudag upp á dag sem innlánsstofnanir eru ekki almennt opnar til víðskipta fer uppboðið fram næsta virkan dag á eftir og styttist þá samningstíminn sem því nemur. Beri gjalddaga upp á dag sem innlánsstofnanir eru ekki almennt ekki opnar til víðskipta skal gjalddaginn vera næsti virki dagur þar á eftir og lengist þá samningstíminn sem því nemur.

Seðlabanki Íslands mun í hverju tilviki tilkynna þátttakendum skilmála uppboðsins þar á meðal hvort bankinn býðst til að kaupa eða selja verðbréf. Í síðara tilvikinu kunna einnig að vera boðin til sölu 14 daga innstæðubréf. Uppboðin verða ýmist fastverðsuppboð, þ.e. að ávöxtun er ákveðin fyrirfram, eða verðuppboð, en þá ræðst ávöxtun af tilboðum.

Hæf verðbréf í endurhverfum víðskiptum Seðlabanka Íslands eru innstæðubréf bankans til 90 daga, ríkisvixlar ríkisvixlar svo og önnur önnur ríkistryggð verðbréf úr markflokki eins og þeir eru skilgreindir á hverjum tíma, sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands eða annarri kauphöll, svo sem ríkisvixlar, ríkisbréf, spariskírteini, húsbréf og húsnæðisbréf. Bréfin skulu að jafnaði valin þannig að ekki sé um að ræða bréf með gjalddaga fyrir lok samningstímans. Séu bréf dregin út á samningstímanum, skal fyrirgreiðslan gerð upp þá þegar og skal þá miðað við sömu ávöxtun og samið var um.

Frágangur endurhverfa víðskipta eða sölu 14 daga innstæðubréfa skal fara fram samdægurs, ef gengið hefur verið frá afhendingu verðbréfa fyrir kl. 15.00, en annars næsta virkan dag að því tilskildu að gengið hafi verið frá afhendingu verðbréfa.

Þegar ávöxtun ræðst af tilboðum lánastofnana skal miðað við hæstu ávöxtun sem samþykkt er af Seðlabanka Íslands sé um endurhverf verðbréfakaup að ræða en lægstu ávöxtun sé um að ræða endurhverfa verðbréfasölu eða sölu innstæðubréfa (hollenskt uppboð).

Út frá ávöxtun tekinnna tilboða skal reiknuð forvaxtaþrósentu með tveimur aukastöfum til notkunar við vaxtaútreikning. Þegar F er forvaxtaþrósentu, A ávöxtun, d dagafjöldi frá og með kaupdegi að gjalddaga, hattur (^) táknar veldi, stjarna (\*) margföldun og skástrik (/) deilingu, gildir:

$$F = [1 - 1/(1+A/100)^{(d/360)}] * 36000/d$$

#### 3.1 Almenn ákvæði verðbréfavíðskipta gegn endurkaupasamningi.

Seðlabanki Íslands og þeir aðilar, sem gera tilboð sem verða samþykkt, þurfa að gera með sérstakan samning hverju sinni þar sem fram kemur m.a.:

(a) Lýsing á verðbréfum sem notuð eru í víðskiptunum. Fram komi m.a. heiti bréfanna svo og upphafs- og lokaverð víðskiptanna sbr. lýsingu hér á eftir.

Með lokaverði er átt við endurgreiðsluna, þ.e. þá fjárhæð sem seljandi greiðir kaupanda á endursöludegi. Upphafsverð er lokaverð að frádregnum forvöxtum. Lokaverð er viðmiðunarverð bréfanna, sem notuð eru í víðskiptunum skv. eftirfarandi lýsingu, að frádregnum 7%.

- Viðmiðunarverð óverðtryggðra bréfa með eins árs eða styttri líftíma er nafnverð þeirra.
- Viðmiðunarverð verðtryggðra bréfa með eins árs eða styttri líftíma er uppreiknað verðmæti þeirra á upphafsdegi víðskiptanna samkvæmt mánaðarlegu yfirliti Seðlabanka Íslands.

- Viðmiðunarverð bréfa með lengri líftíma en eitt ár er markaðsverð þeirra. Með markaðsverði er átt við verð í síðustu viðskiptum á síðasta viðskiptadegi fyrir uppboð á Verðbréfaþingi Íslands eða annarri kauphöll hvort sem um er að ræða sölu Seðlabanka Íslands eða kaup. Sé slíkt verð ekki fyrir hendi skal miða við lægsta kaupverð þann dag.
- (b) Ákvæði um að kaupandi bréfanna eigi rétt á að selja þau fyrir eigin reikning verði ekki staðið við endurkaup þeirra á lokadegi viðskiptanna.
- (c) Ákvæði um geymslustað bréfanna, sem verið getur í Seðlabanka Íslands eða hjá seljanda, enda lýsi hann yfir að hann felli sig við eftirlit ytri endurskoðanda með geymslunni.

#### 4. Daglán.

Seðlabanki Íslands veitir lánastofnun daglán gegn handveði að ósk hennar og skal umsókn um slíkt lán berast á sérstöku eyðublaði þar sem fram kemur m.a. að Seðlabanki Íslands taki að handveði skráð ríkistryggð verðbréf og innstæðubréf Seðlabankans sem eru í vörslu hans. Fjárhæð útistandandi daglána skal þó aldrei vera hærri en níutíu hundraðshlutar af markaðsverðmæti handveðsettra verðbréfa. Beiðni um daglán skal berast peningamálasviði Seðlabanka Íslands fyrir kl. 15.00 ef afgreiðsla á að fara fram samdægurs. Daglán bera forvexti. Samningstíminn er einn dagur nema gjalddaginn falli á dag sem innlánsstofnanir eru almennt ekki opnar til viðskipta, en þá skal miðað við næsta virka dag þar á eftir. Kjör daglána skulu fyrirfram tilkynnt þeim lánastofnunum sem aðgang hafa að þeim. Kjörin eru breytanleg án fyrirvara.

#### 5. Tilkynningar.

Tilkynningar lánastofnana til Seðlabanka Íslands um fjárhagsleg atriði, sem um er fjallað í reglum þessum, er heimilt að senda í símbrefi (telefaxi) eða tölvupósti að því tilskildu að slík bréf beri undirritun þar til bærra aðila skv. undirskriftarlista hlutaðeigandi lánastofnunar. Seðlabanki Íslands getur ávallt krafist þess að lánastofnun staðfesti á tryggan hátt tilkynningu sem borist hefur með þessum hætti. Gagnkvæm regla gildir um tilkynningar Seðlabanka Íslands til lánastofnana.

Þær lánastofnanir sem ekki hafa komið sér upp undirskriftalistum skulu staðfesta sérstaklega undirskriftir hlutaðeigandi starfsmanna gagnvart Seðlabanka Íslands.

#### 6. Gildistaka o.fl.

Reglur þessar, sem settar eru á grundvelli 6. og 7. gr. laga nr. 36/1986, taka gildi 21. maí 1998. Jafnframt falla þá úr gildi reglur um útreikning og færslu vaxta o.fl. við Seðlabanka Íslands í viðskiptum við bindiskyldar lánastofnanir nr. 116 frá 23. febrúar 1998.

Reykjavík, 19. maí 1998.

*Seðlabanki Íslands,*

**Birgir Ísl. Gunnarsson.**

**Eiríkur Guðnason.**